

Þriðjudaginn 1. júní 1948.

Nr. 25/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn

Gunnari Gíslasyni (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Ölvun við akstur.

Dómur hæstaréttar.

Kærði, sem er eigandi og umráðamaður bifreiðarinnar G 206, lét það viðgangast, að kona hans, sem var með áhrifum áfengis, ók bifreiðinni að því er virðist úr miðbænum í Reykjavík suður í Fossvog. Varðar það kærða við 23., sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði Gunnar Gíslason greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Hafnarfjarðar 22. jan. 1948.

Ár 1948, fimmtudaginn 22. janúar, var lögregluréttur Hafnarfjarðar settur í skrifstofu embættisins og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta, Birni Ingvarssyni, og upp kveðinn dómur í framangreindu máli, er dómtekið var 17. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Gunnari Gíslasyni kompásasmið, Suðurgötu 37, Hafnarfirði, fyrir brot á bifreiðalögunum nr. 23 frá 16. júní 1941, umferðalögunum nr. 24 frá 16. júní 1941 og áfengislögunum nr. 33 frá 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. júní 1914 í Hafnarfirði.

Samkvæmt hegningarvottorði frá sakadómaranum í Reykjavík, dagsettu 19. þ. m., hefur kærði hvorki sætt sekt né ákæru, svo kunnugt sé. Hins vegar hefur við lögregluréttarrannsóknina upplýstst, að kærði hefur verið sektaður um kr. 50.00 fyrir umferðarbrot 29. nóvember s. l., sbr. meðfylgjandi hegningarvottorð.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 5. desember 1947 er lögreglu Hafnarfjarðar tilkynnt frá lögreglunni í Reykjavík, að slys hafi orðið í Fossvogi, og hafi það verið bifreiðin G 206, er fyrir því hafi orðið. Lögreglan í Hafnarfirði hóf leita að bílnum og fann hann utan við húsið nr. 37 í Suðurgötu, mikið skemmdan. Í nefndu húsi fundu lögreglumennirnir Gunnar Gíslason og Else Gíslason. Kærði var svo ásamt konu sinni færður til læknis til blóðrannsóknar, þar sem lögreglunni þótti augsýnilegt, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Kærði hafði verið á dansleik með konu sinni í Reykjavík og bæði neytt þar áfengis og fundið á sér áfengisáhrif. Kl. 2½ um nóttina, er dansleikurinn var úti, fóru þau áleiðis til Hafnarfjarðar í bifreið kærða, G 206. Kona hans ók bílnum, en með þeim voru tveir farþegar. Í Fossvogi mættu þau bifreið með sterkum ljósum, er blindaði konu kærða við stýrið, svo hún hemlaði, en við það rann bifreiðin á hliðina út af veginum, en þar á þakið. Ísing var á veginum og háлка, en bifreiðin ekki á keðjum. Slys urðu ekki á mönnum, en bifreiðin skemmdist. Stuttu seinna bar að bifreið, er tók farþegana til Reykjavíkur, og nokkru síðar aðra bifreið, Guðmanns hreppstjóra á Dysjum. Kærði bað hann að draga bifreið sína til Hafnarfjarðar, og gerði hann það. Var bifreiðin G 206 fest með keðjum aftan í G 613 og kærði settist við stýrið í bifreið sinni, og var bifreiðin þannig dregin til Hafnarfjarðar. Eftir að kærði kom heim til sín, segist hann hafa tekið 3 snapsa af cocktail, en ekki eru aðrir til vitnis um það. Hins vegar hefur kærði viðurkennt að hafa drukkið vín um nóttina og hafa verið undir áhrifum áfengis.

Kærði hefur fyrir lögreglurétti Hafnarfjarðar 8. og 17. þ. m. viðurkennt, að hann hafi neytt áfengra drykkja nokkru áður en hann hóf akstur bifreiðarinnar G 206 og fundið til áfengisáhrifa. Vitnin Guðmann Magnússon, Jón Guðmundsson og Þorsteinn Finnbogason hafa borið, að þeim hafi sýnt kærði ölvaður. Vitnið Ingibjörg Sigurjónsdóttir segist hafa séð kærða neyta áfengis, en ekki hafa séð áfengisáhrif á honum. Vitnið Sverrir Magnússon segist hafa séð kærða neyta áfengis, en treystir ekki til þess að segja um, hvort hann hafi séð áfengisáhrif á honum.

Niðurstaða blóðrannsóknar er 1.83‰ alkóhól.

Með játningu kærða, blóðrannsókninni og lögregluréttarrannsókninni verður að telja fullsannað, að kærði hefur orðið brotlegur við 23. og 27. grein, sbr. 38. og 39. grein bifreiðalaganna nr. 23 frá 16.

júní 1941, 4. grein, sbr. 14. grein umferðalaga nr. 24 frá 16. júní 1941 og 21. grein, sbr. 39. grein áfengislaganna nr. 33 frá 9. janúar 1935.

Samkvæmt þessu þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 10 daga varðhald; auk þess skal hann sviptur leyfi til bifreiðaaksturs í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Enginn óþarfa dráttur hefur orðið á máli þessu.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði Gunnar Gíslason sæti 10 daga varðhaldi. Hann skal sviptur leyfi til bifreiðaaksturs í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan kostnað, er leitt hefur eða leiða kann af máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 1. júní 1948.

Nr. 77/1947. **Herluf Clausen**

gegn

Óskari Ólafssyni.

Vísun máls frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1947 til þingfestingar í septembermánuði s. á. Áfrýjandi hefur síðan fimm sinnum fengið frest í málinu og biður hann nú, 31. maí, um frest til júnimánaðar næstkomandi, en ágríp dómsgerða hefur enn eigi borizt. Hefur stefndi neitað um frestinn og krafizt frávísunar og ómaksbóta úr hendi áfrýjanda. Að svo vöxnu máli þykir bera að vísa málinu frá hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ámaksbætur, er ákveðast kr. 400.00.

Dómsorð:

Máli þessu visast frá hæstarétti.

Áfrýjandi Herluf Clausen greiði stefnda Óskari Ólafssyni kr. 400.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.